



Dagsetning: 08.11.2019
Málsnúmer: 1805184/0.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um endurskoðun á reglum um kjör starfsmanna með vísan til innleiðingar jafnlaunakerfis.

Sem hluti af innleiðingu á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins hafa reglur um kjör starfsmanna verið endurskoðaðar og vísa þær til jafnlaunastefnu sveitarfélagsins, jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og jafnlaunavottunar sveitarfélagsins.

Efnislegar breytingar á reglunum eru óverulegar utan 6. gr. þar sem vísað er til VR04 verklagsreglu um launaákvörðun en í henni er heimild til greiðslu viðbótarkjara rýmkuð frá fyrri reglum en innan þeirra marka að ganga ekki gegn jafnlaunastaðli og jafnlaunastefnu.

Reglunum er ekki efnislega breytt að öðru leyti en því að þær samræmist jafnlaunakerfi sveitarfélagsins og taki mið af mannauðsstefnu. Fram eru lögð endanleg drög ásamt skjali sem lýsir breytingum frá gildandi reglum með „track changes“. Lagt er til við bæjarráð að samþykkja framlagðar reglur og vísa þeim til afgreiðslu bæjarstjórnar.